

Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í fólkvangi Norðfjarðar



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2017/174

Forsíðumynd: Brytaskálatóftir. Ljósmynd: Jóhann Zoëga.



© Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2017/174

INNGANGUR	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	2
AÐFERÐARFRÆÐI.....	3
NES VIÐ NORÐFJÖRÐ-SÖGUÁGRIP	5
FORNLEIFASKRÁNING	7
ÓSTAÐSETTAR MINJAR.....	18
SAMANTEKT	20
NIÐURLAG	21
HEIMILDASKRÁ.....	22

Inngangur

Í byrjun árs 2017 barst Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga beiðni frá Skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar um að skrá fornleifar í Fólkvangi Neskaupstaðar vegna deiliskipulags. Í drögum að greinargerð til kynningar á deiliskipulaginu kemur fram að einungis sé gert ráð fyrir uppbyggingu sem fylgir almennri útivist og fræðslu og áhersla er lögð á bætt aðgengi um fólkvanginn¹. Tillaga að deiliskipulagi var auglýst 26. janúar 2017.²

Fólkvangurinn í Neskaupstað var friðlýstur 29. nóvember 1972 og var fyrsti sinnar tegundar hér á landi.³

Skipulagssvæðið nær yfir fólkvanginn sem er skilgreindur utan við Stóralæk auk 2ha svæðis innan við lækinn og er Norðfjarðarviti á því svæði.⁴ Haginn er hjalli næst sjónum undir Hagaklettum og í honum eru Urðir, stór björg sem fallið hafa úr klettunum. Ofan Hagans eru eru Efri- og Neðri-Hálsar sem skiptast af klettabelti. Í daglegu tali er talað um að fara út í Urðir eða út í Haga og út á Hálsa. Skráð var frá Stóralæk í vestri út á Efri- og Neðri-Hálsa og Haginn var skráður að Páskahelli og landræman milli Stóralækjar og vegarins niður að vitanum. Land þetta tilheyrði áður landnámsjörðinni Nesi en tilheyrir nú Fjarðabyggð.

Vettvangsskráning fór fram 23. og 24. janúar en ekki voru kjöraðstæður til skráningar m.a. vegna þess að nokkur snjór var á skráningarsvæðinu. Vettvangsskráning og skýrslugerð var í höndum Bryndísar Zoëga, landfræðings og henni til aðstoðar við vettvangsskráningu var Jóhann Zoëga.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 1839.

¹ Drög að greinargerð með deiliskipulagi, 3.

² Heimasíða Fjarðabyggðar.

³ Heimasíða Náttúrustofu Austurlands. Fólkvangar og friðlönd. Í Austurlandi 10. júní 1966 birtist grein í Austurlandi undir heitinu Þýrmum Haganum þar sem lagt er til að hætt verði við fyrirhugað grjótnám úr Haganum og að svæðið verði friðað.

⁴ Drög að greinargerð með deiliskipulagi, 3.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. g. laga nr. 80 frá 29. júní 2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir fönnum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.”

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...] Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

Rannsóknir á fornleifum.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga

úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.⁵

Enn fremur um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr.:

„Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.² “

Að lokum er rétt er að vekja sérstaka athygli á ákvæðum laganna um áður ókunnar minjar, en í annarri málsgrein 24. gr. segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðarfræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi,

⁵ Heimasíða Alþingis.

þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer, t.d. fær sjóbúðatóft í Haga raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer (Norðfjörður-1839-1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Eldri fornleifaskráning var til frá árinu 1994 og þar sem það á við er númer úr eldri skýrslu sett í sviga aftan við númer minjanna Norðfjörður-1839-1 (SM-85c:002).

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirbyggjandi framkvæmda við lagningu ljósleiðara og var það metið hverju sinni hvort minjar væru líklega til að vera í hættu eða ekki bæði út frá fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og ekki síður staðháttum á hverjum stað. Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1,5m í skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Nes við Norðfjörð-Söguágrip

Nes var landnámsjörð Egils rauða og kemur fyrst fyrir í Landnámabók.⁶ Næst kemur jörðin fyrir í kaupbréfi frá 1526 þegar Snjólfur Rafnsson keypti af Skálholtsbiskupi alla jörðina Norðfjarðarnes í Skorrastaðarkirkjusókn auk hálftrar jarðarinnar Urriðavatns á Áskirkjusókn.⁷ Ekki er minnst á Nes í fleiri bréfum í fornbréfasafni og fremur lítið er til af eldri heimildum um jörðina.

Í manntali 1703 eru 14 manns skráðir til heimilis að Nesi og eru skráðir þrír ábúendur; bóndi, hjáleigumaður og annar ábúandi. Þá var einnig búið á hjáleigunum Naustahvammi og Bakka en óvíst er hvenær þær byggðust fyrst.

Eins og sjá má hér að ofan er jörðin í bændaeign um miðja 16. öld en í jarðabók frá 1847 er Nes skráð að þriðjungi í eigu konungs (í Suður-Múlasýslu umboði) en að tveimur þriðjungum í bændaeign. Heimajörðin var þá metin 20 hundruð en hjáleigurnar samtals 10 hundruð, Bakki 4 en Naustahvammur 6.⁸ Í nýrri jarðabók 1861 er sameiginlegur dýrleiki færður úr 30 hundruð í 29,5.⁹

Sel frá Nesi

Hvergi er getið um sel frá Nesi í heimildum fyrr en í örnefnaskrá Neskaupstaðar þar sem koma fyrir örnefnin Seldokk og Innra- og Ytra-Selhraun og þar segir: „Sennilega hefur einhvern tíma verið þarna sel. Þaðan koma nöfnin.“¹⁰ Ekki er þó minnst á seltóftirnar sem eru undir Ytra-Selhrauni. Árið 1999 var gerður könnunarskurður í tóftirnar til aldursgreiningar og voru yngstu eða efstu minjarnar komnar úr notkun fyrir 1875 en vísbendingar um eldri mannvist undir þeim.¹¹ Tóftirnar bera með sér að þarna hafi verið byggt oftar en einu sinni á sama stað.

Brytaskálar

Út undir Páskahelli eru tóftir sem líklega eru verbúðir og kallast Bryta- eða Bretaskálatættur. Ekki er vitað af hverju nafnið er dregið en hugmyndir eru um að þær séu kenndar við bryta frá Skorrastað.¹² Vitað er að róið var frá Brytaskálum á fyrri hluta 19. aldar en ekki eru aðrar beinar heimildir um útræði þaðan.¹³ Í 1. bindi Norðfjarðarsögu segir að verstöð Skorrastaðaprestakalls hafi verið upp af Brytaskálafjöru¹⁴ og í landamerkjabók Suður-Múlasýslu, árið 1884, segir að Skorrastaðaprestakall eigi „vervist og verstöð í Neslandi í Norðfirði samkvæmt máldögum.“¹⁵ Þar er þess þó ekki getið hvaðan var róið. Þessa ítaks er

⁶ Landnámabók, 186.

⁷ Íslenskt fornbréfasafn IX, 394.

⁸ J. Johnsen, 373.

⁹ Ný jarðabók 1861, 143.

¹⁰ Örnefnaskrá Neskaupstaðar, 7.

¹¹ Guðný Zoëga og Mjöll Snæsdóttir, 60.

¹² Sjá t.d. í Austurlandi 01.02.1957, bls. 2 og grein Smára Geirssonar í Sjómannadagsblaði Neskaupstaðar, 1985, bls. 113-115.

¹³ Smári Geirsson, 115.

¹⁴ Ögmundur Helgason, 136-137.

¹⁵ Suður-Múlasýsla. Landamerkjabók 1883-1988. (150) 0074v.

ekki getið í Wilchins máldaga 1397 þar sem talin eru önnur ítök sem kirkjan átti eins og reki í Sandvík og viðarteigur í Mjóafirði.¹⁶ Það kemur heldur ekki fyrir í Gíslamáldaga 1570 en þar er þess þó getið að Skorrastaðakirkja eigi „Sexæring alfæran.“¹⁷ Aðrir máldagar kirkjunnar koma ekki fyrir í fornbréfasafni.


Landslag er breytt þarna frá því sem áður var vegna landbrots og er frá því sagt í blaðinu Austurlandi 1957 þar sem fjallað er um Brytaskála. Höfundur greinarinnar var þáverandi ritstjóri Bjarni Þórðarson. „Mér hafa sagt menn, sem komnir eru á eftir ár, og gættu fjár á þessum slóðum í æsku, að þá hafi verið þarna miklu stærri fjörur, og ennfremur að Neseyri hafi þá verið miklu stærri en hún nú er og bakkarnir þaðan að Bakkalæk náð miklu lengra til sjávar. Telja þeir, að á þessu hafi byrjað að verða breyting, um 1910.“¹⁸

¹⁶ Íslenskt fornbréfasafn IV, 225-226.

¹⁷ Íslenskt fornbréfasafn XV, 691.

¹⁸ Austurland 01.02.1957.

Fornleifaskráning



Mynd 1. Til vinstri er uppdráttur af minjum eins og þær voru mælar 2017 en til hægri uppdráttur úr skýrslu Safnastofnunar Austurlands, 1994, bls. 2.

Norðfjörður-1839-1 (SM-85c:002)

Sérheiti: Brytaskálar/Bretaskálar

Hlutverk: Búð, óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Minjarnar eru fram á sjávarbakka og hefur sjórinn brotið af þeim.

Staðhættir

Út í Haga, á sjávarbakkanum upp af Brytaskálafjöru, fast neðan göngustígar sem liggur að Páskahelli er tvískipt tóft. Hún er um 930m nna af brúnni á Stóralæk en við hann eru vestari mörk Fólkvangsins.

Lýsing

Tóftin stendur á sjávarbakka og liggur norðaustur/suðvestur. Hún er tvískipt, 4x7,5m að utanmáli. Sjórinn hefur brotið framan af tóftinni en þar er bæði tóftarveggur og bakkinn gróinn og óvíst hversu umfangsmikið landbrot er þarna núna, en greinilegt að það hefur einhvern tímann verið töluvert (sjá um landbrot í Söguágripi hér að framan). Tóftin er öll þýfð og grasi gróin og þegar skráning fór fram í janúar 2017 var á henni töluverð sina. Veggir eru 30-110cm háir og sér í grjóthleðslur í norðausturvegg í ytra hólfi en aðrar hleðslur sjást ekki. Hægt er að standa í ytra hólfinu sem er greinilegra en það innra sem er toppfullt, mögulega af hruni úr þaki. Veggir eru töluvert hrundir og er tóftin því umfangsmeiri en byggingin hefur upphaflega verið en veggir virðast vera um 1m á breidd en með hruni eru þeir mest um 1,8m. Dyr hafa að líkindum snúið til suðausturs mót sjónum en þær voru ekki greinanlegar en veggur var á kafla aðeins lægri á milli hólfanna næst suðausturvegg og þar gætu þær hafa verið. Í útliti minnir tóftir á sjó- eða verbúðartóft.



Mynd 2. Bretaskálar 1839-1. Horft er til ssa.

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá Neskaupstaðar segir um Brytaskálafjöru: „Hún dregur nafn sitt af tóttum, er standa á bökkum hennar og sagðar vera gamlar fiskiskálatóttir og fjaran þá notuð fyrir uppsátur, enda eru þarna ornefni, sem draga nöfn af skálanum, en ég kem að þeim seinna.“ (bls. 3).

Norðfjörður-1839-2 (SM-85c:002)

Sérheiti: Brytaskálar/Bretaskálar

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta. Minjarnar eru um 10m frá sjávarbakka og eru ekki taldar í hættu vegna landbrots í náinni framtíð. Þess ber þó að geta að göngustígur er rétt neðan eða suðaustan við tóftina og gætu framkvæmdir við hann valdið raski á minjunum.

Staðhættir

Út í Haga, á sjávarbakkanum upp af Brytaskálafjöru, fast neðan göngustígar sem liggur að Páskahelli er tóft (1839-1) og tæplega 15m nna, ofan göngustígar er önnur tóft.

Lýsing

Tóftin liggur austur-vestur en það er smá sveigur á henni og vísar austurendinn aðeins til norðausturs. Hún er 4x7,5m á breidd og er tví- eða þrískipt. Útlínur eru sæmilega greinilegar en innra fyrirkomulag ekki en þó virðast vera tvö hólfi, annað til vesturs en hitt austurs og jafnvel lítið hólfi á milli þeirra. Dyr virðast vera úr litla hólfinu og snúa þær til suðurs og mögulega hafa verið aðrar dyr í vestasta hólfinu sem einnig hafa verið til suðurs. Í vestara hólfinu er nokkuð stór jarðfastur steinn og eru veggir hlaðnir upp að honum. Tóftin er að öðru leyti gróin grasi og mosa og þýfð, sérstaklega vestur helmingur hennar. Veggir eru 20-50cm háir og rúmlega metri á breidd. Hlutverk er ekki greinilegt af útliti tóftar en líklegt verður að teljast að hún tengist útræði úr Brytaskálafjöru.

Norðfjörður-1839-3 (SM-85c:002)

Sérheiti: Brytaskálar/Bretaskálar

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar liggja fram á sjávarbakka en þar sem þær eru ógreinilegar þá er óvíst hvort sjórinn hefur þegar brotið af þeim. Einnig ber að geta þess að göngustígur liggur fast upp við tóftina og gætu framkvæmdir við hann valdið raski.

Staðhættir

Út í Haga, á sjávarbakkanum upp af Brytaskálafjöru, fast neðan göngustígar sem liggur að Páskahelli er tóft (1839-1) og önnur öllu ógreinilegri tóft á sjávarbakkanum 30m norðaustar.



Mynd 3. Fremst á myndinni er tóft nr. 1839-2. Eins og sést er tóftin mjög þýfð. Það sér í steina lengst til hægri á myndinni. Horft er norðausturs.

Lýsing

Tóftin og umhverfi hennar er þýft og eru bæði útlínur og innra skipulag óljóst. Þó virðast vera a.m.k. þrjú hólf og utanmál að minnsta kosti 5x5m en tóftin gæti náð töluvert lengra til norðausturs. Tóftin er algróin grasi og eru veggir á bilinu 20-40cm háir og virðast vera tæpur metri á breidd. Á teikningu sem gerð var af tóftunum 1994 líkist tóftin einna helst tveggja króa útihúsi með heytóft eða hlöðu og lítill kró til norðausturs en þegar skráning fór fram í janúar 2017 var alls ekki hægt að sjá viðlíka lögun á henni. Ekki er því hægt að greina hlutverk út frá útliti minjanna. Beint vestan við tóftina er niðurgroftur sem er um 70cm í þvermál, 10-30cm djúpur og algróinn grasi. Það virðist vera útbrún meðfram honum.



Mynd 4. Grónar mógrafir upp af Hagastapa. Horft er til vesturs.

Norðfjörður-1839-4

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: Hætta. Hluti af mógröfunum liggur fram á sjávarbakka þar sem landbrots hefur gætt.

Staðhættir

Út í Haga, beint upp af Hagastapa og um 115m suðvestur af syðstu Bryta-/Bretaskálatóftinni eru mógrafir. Þær eru tæplega 15m neðan við göngustíginn sem liggur út Hagann.

Lýsing

Mógrafirnar eru í raun þrjár, ein stór og mjög vel greinileg allt að 110cm djúp og svo eru tveir minni niðurgreftir austan hennar um 10-30cm djúpir. Þær eru alls um 375m². Við norðvestur brún stóru grafarinnar er klettur. Grafirnar eru þurrar og mikill gróður í þeim og þær hafa að líkindum verið töluvert dýpri og greinilegri áður fyrr. Rúmlega 65m sunnar eru óljósar brúnir sem gætu verið útlínur mógrafar sem gæti hafa náð nokkuð til norðurs fyrirnefndum mógröfum og eru þær skráðar hér sem eitt mógrafarsvæði.

Norðfjörður-1839-5

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft


Hættumat: **Hætta.** Tóftin liggur um 3m frá sjávarbakka þar sem landbrots hefur gætt.

Staðhættir

Út í Haga, beint upp af Hagastapa og um 115m suðvestur af syðstu Bryta-/Bretaskálatóftinni eru mógrafir og austan við þær mótóft stutt frá sjávarbakka.

Lýsing

Mótóftin er algróin og þýfð, 5x2m að utamáli og snýr norðaustur/suðvestur. Veggir eru algrónir og mest 30cm háir og 60cm breiðir.



Mynd 5. Mógrafir 1839-4 og mótóft 1839-5.

Norðfjörður-1839-6

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Engin hættu.

Staðhættir

Út í Haga, sunnan við Urðirnar, ofan göngustígsins sem liggur út Hagann eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru alls 450m², ein stór gröf og fjórar minni umhverfis hana. Tvær stærri grafirnar eru ofan við göngustíginn en þrjár minni grafir eru neðan hans. Minni grafirnar eru 20-40cm djúpar en stærsta gröfin er 30-100cm. Vatn er í nokkrum þeim.



Mynd 6. Mógröf við göngustíginn út Hagann. Horft er til suðvesturs.

Norðfjörður-1839-7

Hlutverk: Heytóft, mótóft, óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Hætta. Minjarnar eru um 5m frá sjávarbakka þar sem að land hefur brotið.

Staðhættir

Út í Haga, upp af sjávarbakkanum neðan Urðarinnar er tóft sem virðist líklegast vera heytóft.

Lýsing

Tóftin er 5x13m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur. Veggir eru hrundir, mest 1,5m á breidd og 10-30cm háir. Hún er algróin grasi, mosa og lyngi og virðist frekar gömul. Mógrafir og mótóftir eru vestan og suðvestan við tóftina en hún líkist þó frekar heytóft og í sjálfu sér ekki ólíklegt að þarna hafi verið heyjað.



Mynd 7. Mógrafir (1839-6, 8), mótóftir (1839-9-12) og heytóft (1839-7).

Norðfjörður-1839-8

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Hætta. Suðurhluti mógrafanna liggur rétt við sjávarbakka þar sem landbrots hefur gætt.

Staðhættir

Í Haganum neðan við göngustíginn og um 20m suður af mógröfum (1839-7) eru fleiri mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar ná yfir um 400m² svæði en útbrúnir þeirra til norðurs eru nokkuð óljósar svo þær gætu hafa náð nokkuð norðar en uppmæling sýnir. Suðurbrúnin er greinilegri og er mest um 50cm há. Mikill gróður er í gröfunum og fyllir upp í þær. Mótóftir eru bæði norðan og sunnan grafanna.



Mynd 8. Mógrafir (1839-8). Horft er til ssa.

Norðfjörður-1839-9

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í Haganum, neðan við göngustíginn, sunnan við mógröf (1839-8) er mótóft.

Lýsing

Tóftin er 4x5m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Hún er tvískipt og opin til suðausturs. Veggir eru algrónir grasi og mosa, 20-30cm háir og 40cm á breidd. Tóftin er um 5m frá mógrafarsvæði og líklegast er þetta mótóft.



Mynd 9. Mótóft 1839-9. Horft er til suðausturs.

Norðfjörður-1839-10

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar liggja um 6m frá sjávarbakka þar sem landbrots hefur gætt.

Staðhættir

Í Haganum, neðan við göngustíginn, um 5m frá sjávarbakkanum og sunnan við mógröf (1839-8) er mótóft.

Lýsing

Tóftin er um 3x3,5m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Hún er algróin grasi, mosa og lyngi. Veggir eru 20-30cm háir og um 50cm breiðir.

Norðfjörður-1839-11

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í Haganum, neðan við göngustíginn og norðan við mógröf (1839-8) er mótóft.

Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn austur/vestur og er 3x4,5m að utanmáli. Hún er þýfð, algróin grasi og mosa og veggir 10-30cm háir.

Norðfjörður-1839-12

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í Haganum, neðan við göngustíginn, um 5m frá sjávarbakkanum og sunnan við mógröf (1839-8) er mótóft (1839-11) og enn önnur þar norðan við.

Lýsing

Tóftin er algróin, 4x4,5m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur. Hún er opin til norðvesturs og veggir eru 10-40cm háir.

Norðfjörður-1839-13

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Sunnarlega í Haganum þar sem hann er farin að þrengjast, innan um grjóturð og kletta eru tvær til þrjár mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru beint ofan við göngustíginn og liggur hann alveg við jaðar þeirra. Þær eru samtals 225m² og eru 40-70cm djúpar.

Norðfjörður-1839-14

Hlutverk: Vörslugarður, óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir


Syðst í Haganum, þar sem hann er hvað mjóstur er garðlag sem liggur til fjalls frá klettabelti að sjó og hefur girt af Hagann.

Lýsing

Garðlagið er í tveimur hlutum og er alls 20m langt, mest 90cm hátt og 130cm breitt. Það er gróið grasi, mosa og lyngi og er hlaðið á milli og ofan á náttúrulegum klöppum og steinum. Göngustígurinn sem liggur út Hagann liggur í gegnum garðinn og þar hefur hugsanlega verið hlið áður ef garðurinn hefur verið til þess að girða fyrir fé.



Mynd 10. Neðri hluti garðlagsins, neðan göngustígarins. Horft er til suðvesturs.



Mynd 11. Til vinstri er uppmæling af seltóftum (1839-15) en til hægri er teikning af seltóftunum úr skýrslu Safnastofnunar Austurlands frá 1994, bls. 3.

Norðfjörður-1839-15 (SM-85c:004)

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í aflíðandi halla neðan undir Ytra-Selhrauni, 340m nna af brúnni yfir Stóralæk er seltóft. Austan við tóftina eru þýfðir móar en lækur vestan við og þar ekki eins þýft.

Lýsing

Tóftin og umhverfi hennar eru þýfð og mikil sina var þegar hún var skráð í janúar 2017 og var því erfitt að átta sig nákvæmlega á útliti hennar. Tóftin er aflöng, 6x26m að utanmáli og snýr nnv/ssa. Þó virtust vera 6-7 hól en engar dyr voru greinanlegar. Veggir eru 30-70cm háir og rúmlega 1-2m á breidd þar sem þeir eru mest hrundir. Eins og áður sagði er umhverfi tóftar mjög þýft og þar gætu verið fleiri byggingar, t.d. við norðausturhornið, sem ekki eru greinanlegar í þýfinu. Eins virðist vera garðlag austan tóftarinnar. Tóftin er mjög umfangsmikil og greinilegt að hún er byggð á eldri minjum. Á teikningu sem gerð var af tóftinni 1994 eru dyr til suðurs en þær sáust ekki við skráningu 2017. Eins voru skráð fleiri hól í norðurhlutanum í þessari skráningu en það er ekki ólíklegt að útlit tóftar sé nokkuð breytt vegna gróðurfars á þeim 23 árum sem eru á milli mælinga.

Norðfjörður-1839-16 (SM-85c:004)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag, náttúrulegt

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í aflíðandi halla neðan undir Ytra-Selhrauni, 340m nna af brúnni yfir Stóralæk er seltóft (1839-16) og í þýfðum móa austan hennar virðist vera garðlag.

Lýsing

Garðurinn er rétt tæplega 80m langur og liggur norðvestur-suðausturs. Hann er þýfður og fellur nokkuð vel að umhverfi sínu, grasi og mosa gróinn og smávegis lyng er farið að vaxa á

honum. Garðurinn er 30-40cm hár og líklega um metri á breidd. Hlutverk er óvíst og það sem sést af garðinum stendur stakt núna en líklega hefur hann haft einhverja tengingu við seltóftina. Einnig er mögulega að um náttúrulegt fyrirbæri sé að ræða.

Norðfjörður-1839-17 (SM-85c:007)

Hlutverk: Rétt, kvíar

Tegund: Garðlag


Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í aflíðandi halla neðan undir Ytra-Selhrauni, 340m nna af brúnni yfir Stóralæk er seltóft (**1839-16**) og í þýfðum móa 35m norðaustar er rétt eða kvíar og sunnan hennar stekkjartóft.

Lýsing

Réttin er nokkuð hringlaga nema suðaustur veggur sem er beinn og nyrst er hlaðið upp að stórum steini sem er um 180cm hár. Vegghleðslan er algróin, grasi, mosa og lyngi og töluvert þýfð. Hún er 30-40cm há og mest 2m á breidd og eru hleðslur nokkuð hrundar, einkum til austurs. Réttin gæti verið tengd seljabúskapnum og notuð til að mjólka ærnar. Í eldri lýsingu segir að inngangur hafi verið í réttina að sunnan en hann sást ekki við skráningu 2017 (Fornleifaskráning Norðfjarðar, 3 (í þeim hluta sem sem fjallar um fornleifar)).



Norðfjörður-1839-18 (SM-85c:007)

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í aflíðandi halla neðan undir Ytra-Selhrauni, 340m nna af brúnni yfir Stóralæk er seltóft (**1839-15**) og í þýfðum móa 35m norðaustar er rétt (**1839-17**) og beint sunnan við hana er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er 4,5x11m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist vera þrískipt, syðst er réttin og innangengt til norðurs í lambakróna. Þar norðan við virðist vera lítið hólfi en það gæti hafa myndast við hrun úr veggjum en enginn útgangur virðist vera úr því. Hlið hefur verið á réttinni til suðausturs. Veggir eru 30-50cm háir og mest rúmlega 100cm breiðir. Þeir eru algrónir grasi, mosa og smá lyngi. Tóftin er svolítið þýfð en ekki eins mikið og réttin og seltóftin og gæti alveg verið eitthvað yngri.



Mynd 12. Kofatóft undir Selhrauni. Horft er til norðausturs og sést í Efri-Hálsa í baksýn.

Norðfjörður-1839-19 (SM-85c:005)

Hlutverk: Kofi, smalakofi

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Á hjalla upp undir Ytra-Selhrauni, í skjóli vestan undir tveim risastórum steinum er tóft.

Lýsing

Tóftin er 3x4,5m að utanmáli og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin en að mestu gróin grasi, mosa og lyngi og er í töluverðum halla. Veggir eru 10-40cm háir og um 60-70cm á breidd. Inngangur gæti hafa verið á suðvesturhorni en þar eru tveir steinar sitthvoru megin við roflínu sem liggur þvert yfir syðsta hluta tóftarinnar yfir bæði suðurhorn tóftarinnar, líka við meintan inngang.

Norðfjörður-1839-20 (SM-85c:006)

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta.


Staðhættir

Í aflíðandi halla rúmlega 50m vestur af Ytra-Selhrauni er heytóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er 3x4,5m að utanmáli. Inngangur virðist hafa verið að norðan en þar er veggur rofin. Veggir eru 10-30cm háir og um 30-40cm á breidd. Þeir eru algrónir grasi og mosa en vel gæti verið að tóftin væri a.m.k. að hluta grjóthlaðin. Kjarr er byrjað að vaxa á tóftarveggjum.





Norðfjörður-1839 21 (SM-85c:003)

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Í mólendi um 70m ofan við göngustíginn sem liggur út í Haga og 140m norðaustur af brúnni yfir Stóralæk er heytóft.

Lýsing

Tóftin er 3x4m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru 10-40cm háir og 50cm breiðir. Tóftin er algróin grasi kjarr vex á norður helmingi tóftar.

Norðfjörður-1839-22

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft


Hættumat: Engin hætta.

Staðhættir

Um 11m austur af Stóralæk og 65m norðvestur af brúnni yfir hann er heytóft.

Lýsing

Tóftin er 4,5x7,5m að utanmáli og liggur nnv/ssa. Hún er algróin grasi og þýfð.



Norðfjörður-1839-23

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: Ómetið.

Staðhættir

Austan Stóralækjar, rúmlega 12m ofan við heytóft (1839-22) er skurður.

Lýsing

Skurðurinn er 75m langur og liggur frá suðri til nna. Óvíst er hvort hann sé handgrafinn.

Norðfjörður-1839-24**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Varða**Staðhættir**

Á Efri-Hálsum, framá klettabrún er varða. Hún er um 900m nna frá brúnni yfir Stóralæk.

Lýsing

Varðan er hlaðin á stórum steini og er með honum um 170cm há. Hleðslan er ekkert sérlega vönduð en lítið hrunið úr henni og hún virðist alls ekki mjög gömul. Óvíst er hvort varðan nái því að vera 100 ára gömul og því mögulega ekki fornleif samkvæmt lögum.



Mynd 13. Varða á Efri-Hálsum. Horft er til austurs.

Óstaðsettar minjar**Norðfjörður-1839-25****Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Stekkjarsnið heitir snið þar nokkru innar í brúninni, dregur nafn af lambastekk þar í Haganum.“ (Örnefnaskrá Neskaupstaðar, 6).

Lýsing

Engin stekkjartóft fannst í Haganum og ekki annar stekkur en sá sem skráður er nr. (1839-19) en hann er suðaustan undir Selhrauni.

Norðfjörður-1839-26 (SM-85c:001)**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Staðhættir og lýsing**

Í örnefnaskrá er getið um tóftarbrot á Nípukolli. Skráning fór fram í janúar 2017 og snjór í fjöllum og því var ekki leitað að tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Svo kallast fjallseggin upp af fláunum. Þar fer egginni að halla dálítið að sjó. Þarna uppi á Nípukollinum eru grasfletir og á þeim gamalt tóftarbrot og uppsprettulind rétt við tóftina. Sagt er að þegar að Svarti dauði geisaði hér, hafi maður nokkur sem bjó hér á Nesi, flúið með fjölskyldu sína upp á Nípukoll og byggt sér þarna kofa og búið í honum þar til veikin var búin, því Svarti dauði átti ekki að komast svo hátt. (...) „Kollur. upp þá er farið, þegar farið er upp á Koll. Þar á (minnir mig) Nípan vera 819 m há. Þarna er tóttin, sem getið er um áður.“ (Örnefnaskrá Neskaupstaðar, 4-5).

Norðfjörður-1839-27

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir

Lending og mögulega uppsátur fyrir báta hefur verið einhversstaðar í Brytaskálfjöru framan við Brytaskálatættur. Ekki er vitað nákvæmlega hvar var lent og þarna er landslagt eitthvað breytt frá því sem var, vegna landbrots. Því er ekki hægt að staðsetja lendinguna með viðunandi nákvæmni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Neskaupstaðar segir um Brytaskálfjöru: „Hún dregur nafn sitt af tóttum, er standa á bökkum hennar og sagðar vera gamlar fiskiskálatóttir og fjaran þá notuð fyrir uppsátur, enda eru þarna örnefni, sem draga nöfn af skálunum, en ég kem að þeim seinna.“ (bls. 3).

Samantekt

Vettvangsskráning fór fram 23. og 24. janúar og voru 24 minjar skráðar á vettvangi en auk þeirra tvennar tóftir og landing sem getið er í heimildum en voru ekki skráðar. Óskráðu tóftirnar eru nefndar í örnefnaskrá, annars vegar stekkjartóft í Haga sem ekki fannst og hinsvegar tóft sem sagt er að sé upp á Nípukolli. Ekki var gengið á Nípukoll til að leita minjanna þar sem færð og veður bauð ekki upp á það.

Minjar innan fólkvangsins eru flestar hefðbundnar landbúnaðarminjar: seltóftir (1839-15, 16), stekkur (1839-18) og rétt eða kvíar (1839-17), kofi (1839-19), heystæði (1839-7, 20-22), skurður (1839-23) og umfangsmestar eru mógrafir og mótóftir sem eru á dreif um Hagann. Á Efri-Hálsum er varða (1839-24) sem líklega telst ekki til fornleifa vegna aldurs. Syðst í Hagnum þar sem aðeins eru örfáir metrar á milli sjávarbakkans og kletta er garður (1839-14) sem gæti hafa verið til þess að loka Hagann af og þá að líkindum annaðhvort til þess að halda fé í hagagöngu inni eða úti. . Auk þess eru minjar um útræði frá Brytaskálum (1839-1-3).

Þegar fornleifaskráning fer fram á vettvangi er meðal annars lagt mat á ástand minja og er það flokkað í fjóra flokka samkvæmt stöðlum Minjastofnunar frá 2013. Í töflu 1. eru minjarnar flokkaðar eftir ástandi þeirra og eru 71% vel greinanlegar og 25% eru greinanlegar. Engar minjar falla í flokkinn illgreinanlegar en ein er talin heilleg en það er varða á Efri-Hálsum sem að líkindum telst ekki til fornleifa samkvæmt lögum.

Heillegar	Vel greinanleg	Greinanleg	Samtals
1	17	6	24
4%	71%	25%	100%

Tafla 1. Ástand skráðra minja.

Hættumat er einnig skráð samkvæmt stöðlum Minjastofnunar. Þegar skráning vegna deiliskipulags fer fram er jafnan gert ráð fyrir framkvæmdum af einhverju tagi og tillit tekið til þess í hættumati. Ekki lágu fyrir neinar teikningar vegna væntanlegra framkvæmda og nú þegar er búið að gera lagfæringar á stígum í fólkvanginum. Því er ekki hægt að gera hættumat vegna þess. Verði ráðist í frekari framkvæmdir gæti hættumat minjanna breyst. Hættumatið sem hér er lagt fram miðast því að mestu við hættu sem kann að verða vegna landbrots eða annarra umhverfispáttá.

Í töflu 2. eru minjarnar flokkaðar eftir hættumati en ein fornleif er talin í mikilli hættu og 6 í hættu, allar vegna landbrots. Um 67% minjanna voru ekki taldar í fyrirsjáanlegri hættu þegar skráning fór fram með þeim fyrirvara að hættumat geti breyst verði farið í framkvæmdir. Hætta er ómetin á einni fornleif en það er skurður sem skráður var af loftmynd.

Mikil hættu	Hættu	Engin hættu	Ómetið	Samtals
1	6	16	1	24
4%	25%	67%	4%	100%

Tafla 2. Hættumat skráðra minja.

Á heimasíðu Náttúrustofu Austurlands (<http://www.na.is/index.php/folkvangar>) er fjallað um gróðurfar í fólkvanginum og þar kemur fram að breytingar á gróðurfari hafa tekið stakkaskiptum frá því friðlýst var fyrir beit um 1970. Þetta sást vel á minjunum sem skráðar voru, mikil sína var á tóftum auk þess sem að kjarrgróður er tekinn að vaxa á veggjum nokkurra tófta. Mógrafir voru einnig á köflum óljósar vegna gróðurs. Gróðurfar getur haft töluvert áhrif á minjar bæði vegna þess að þær geta horfið í mikinn gróður auk þess sem að rætur stærri plantna geta skemmt hleðslur. Dæmi um minjar sem eru horfnar í gróður í Norðfirði er fornbylið Ásgrímsstaðir innan við Kirkjuból í Norðfjarðarsveit en þar er hluti minja vart greinanlegur fyrir kjarri. Þetta er ekki enn vandamál í fólkvanginum en hafa þarf í huga að við framtíðar varðveislu minja þar verður að gæta þess að minjarnar hverfi ekki í gróður.

Fræðsla

Fólkvangurinn í Norðfirði er vinstælt útivistarsvæði bæði hjá heimamönnum og ferðamönnum og svæðið er kjörið til fræðslu um náttúrufar og landnýtingu. Í Haganum hefur m.a. verið komið upp upplýsingaskiltum um gróðurfar og dýralíf. Fleiri slík skilti mætti setja við minjar til þess að vekja á þeim athygli og fræða gesti og gangandi um mannvistarlandslagið sem þarna er að finna. Til dæmis væri kjörið að merkja Brytaskálana, seltóftina, stekkin og jafnvel segja frá heyskap, beit eða útræði en þegar er upp sett skilti við mógrafirnar.

Frekari rannsóknir

Lítið er vitað um aldur tófta í fólkvanginum og því væri áhugavert að gera rannsóknir til að kanna aldur og mögulega hlutverk minjanna. Grafið var í tóftir selsins 1999 og var ljóst að þar væri um nokkur byggingaskeið að ræða en ekki fékkst óbyggjandi aldursgreining á minjunum. Forvitnilegt væri því að kanna hvenær þarna hefur verið haft í seli og hversu mörg byggingaskeið er þar að finna. Sérstaklega forvitnilegar eru minjarnar á Brytaskálum og væri áhugavert að kanna hvort og hvenær menn hafi hafst þarna við. Þar eru minjar líka að hluta í hættu vegna landbrots og því sérstaklega mikilvægt að fá einhverjar hugmyndir um hvernig tóftir er um að ræða. Rannsóknirnar þyrftu ekki að vera umfangsmiklar og t.d. mætti taka borkjarna eða litla könnunarskurði eins og gert var í seltóftina 1999.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást a yfirboði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minja geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Guðný Zoëga og Mjöll Snæsdóttir. *Fornbyggð í Norðfirði*. Múlaþing. 35, 1999. Bls. 58-65.

Íslendinga sögur. Landssaga og landnám. X. bindi. (1946). Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

Íslenzkt Fornbréfasafn IV 1265-1449. (1897). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzkt Fornbréfasafn XV 1567-1570 (og síðar). (1947-50). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. (1847). Kaupmannahöfn: J. Johnsen.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. (1861). Kaupmannahöfn: Jarðabókaútgáfan.

Smári Geirsson. (1985). Brytaskálar. Gömul útróðrarstöð við Norðfjörð. *Sjómannadagsblað Neskaupstaðar*. 8(1). 113-115.

Ögmundur Helgason. (2006). *Norðfjarðarsaga: frá upphafi byggðar til 1895*. Reykjavík: Hólar.

Óútgefnar heimildir

Guðrún Kristinsdóttir, Mjöll Snæsdóttir og Guðný Zoëga. (1994). *Fornleifaskráning Norðfjarðar*. Safnastofnun Austurlands.

Neskaupstaður. Guðmundur Magnússon skráði. Reykjavík: Örnefnastofnun.

Heimasíður

Heimasíða Alþingis. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 09.03.17.

Heimasíða Fjarðabyggðar. Sótt af <http://www.fjardabyggd.is/nanar/tillaga-ad-deiliskipulagi-folkvangs-neskaupstadar>. Skoðað 06.02.17

Heimasíða Minjastofnunar Íslands. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands, 2013. Sótt af http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf. Skoðað 07.02.17.

Heimasíða Náttúrustofu Austurlands. Fólkvangar og friðlönd. Sótt af <http://www.na.is/index.php/folkvangar>. Skoðað 31.01.17

Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Suður-Múlasýsla. Landamerkbók 1883-1988. (150) 0074v. Sótt af <https://myndir.handrit.is/doShowDocument.jsp?lang=is&source=ICDB->

&sourceId=S.-M%FAlas%FDsla+1883-1998+ +Landamerkjab%F3k&style=&navpanes=0&-view=Fit. Skoðað 07.02.17.

Þýrmum Haganum. Austurland. 16. árg. 28. tbl., 1966. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=342964&pageId=5381282&lang=is&q=Bretask%E1lar. Skoðað 31.01.17.

Örnefni í Neskaupstað. 2. Brytaskálar eða Bretaskálar. Austurland. 7. árg., 5 tbl., 1957. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=342286&pageId=5374585&lang=is&q=Brytask%E1lar. Skoðað 01.02.17.

Fylgiskjöl

Hnitaskrá - 1839

Númer	Jörð	serheiti	hlutverk	hlutverk annað	tegund	tegund annað	aldur frá	aldur til	ástand	hættumat	orsök	vegg hæð frá	vegg hæð til	breidd	x	y
1839-1	Nes	Brytaskálar, Bretaskálar	búð	óþekkt	tóft		1600	1900	vel greinanleg	mikil hætta	landbrots	0.3	1.1	1.0	750968	528088
1839-2	Nes	Brytaskálar, Bretaskálar	óþekkt		tóft		1500	1900	greinanleg	engin hætta		0.2	0.5	1.1	750976	528105
1839-3	Nes	Brytaskálar, Bretaskálar	óþekkt		tóft		1500	1900	greinanleg	hætta	landbrots	0.2	0.4	0.8	750996	528114
1839-4	Nes		mógrafir		niðurgröftur		1500	1900	vel greinanleg	hætta	landbrots	0.0	1.1	0.0	750912	527971
1839-5	Nes		mótóft		tóft		1600	1900	greinanleg	hætta	landbrots	0.0	0.3	0.6	750912	527971
1839-6	Nes		mógrafir		niðurgröftur		1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.3	1.0	0.0	750912	527971
1839-7	Nes		heyttóft	mótóft, óþekkt	tóft		1300	1800	vel greinanleg	hætta	landbrots	0.1	0.3	1.5	750831	527817
1839-8	Nes		mógrafir		niðurgröftur		1500	1900	vel greinanleg	hætta	landbrots	0.0	0.5	0.0	750912	527971
1839-9	Nes		mótóft		tóft		1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.2	0.3	0.4	750766	527763
1839-10	Nes		mótóft		tóft		1500	1900	vel greinanleg	hætta	landbrots	0.2	0.3	0.5	750785	527747
1839-11	Nes		mótóft		tóft		1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.0	0.0	0.0	750785	527747
1839-12	Nes		mótóft		tóft		1500	1900	greinanleg	engin hætta		0.0	0.0	0.0	750785	527747
1839-13	Nes		mógrafir		niðurgröftur		1500	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.0	0.5	0.0	750912	527971
1839-14	Nes		vörslu- garður	óþekkt	garðlag		800	1800	vel greinanleg	engin hætta		0.0	0.9	1.3	750599	527574
1839-15	Nes		sel		tóft		1200	1800	greinanleg	engin hætta		3.0	7.0	1.5	750444	527723
1839-16	Nes		óþekkt		garðlag	náttúrulegt	800	1900	greinanleg	engin hætta		0.3	0.4	1.0	750456	527718
1839-17	Nes		rétt	kvíar	garðlag		800	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.3	0.4	2.0	750485	527746
1839-18	Nes		stekkur		tóft		1600	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.3	0.5	1.2	750485	527735
1839-19	Nes		kofi	smalakofi	tóft		1200	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.1	0.4	7.0	750393	527780
1839-20	Nes		heyttóft		tóft		800	1850	vel greinanleg	engin hætta		0.1	0.3	0.3	750330	527793
1839-21	Nes		heyttóft		tóft		800	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.1	0.4	0.5	750433	527504
1839-22	Nes		heyttóft		tóft		1600	1900	vel greinanleg	engin hætta		0.2	0.4	1.0	750339	527425
1839-23	Nes		framræsla		niðurgröftur		1900	1980	vel greinanleg	ómetið		0.0	0.0	0.0	750339	527425
1839-24	Nes		óþekkt		varða		1900	2000	heillegar	engin hætta		0.0	1.7	0.0	750840	528161

Fornleifar í fólkvangi Norðfjarðar

